

Skógarvörðurinn á Austurlandi

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R A R I D 1 9 5 8

Sigurður Blöndal

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1958.

I. Innangúr.

1. Veðurfar.

Veðurathuganamaðurinn hér, Páll Guttormsson, skrifar eftirfarandi athugasemdir um veðráttuna hér árið 1958:

Vetrarmánuðirnir, janúar, febrúar og marz, voru með þeim kaldari á mælingatímabilinu hér. Í febrúar mældist meiri snjór en hér hefir mælt sáur í einum mánuði, þó var þykkt hans ekki nema 38 cm mest, en þess ber að geta, að snjólaust var um mánaðamótin janúar/febrúar. Hins vegar var aprílmánuður heitur og sólríkur, og dálítill gróður kominn, þegar leið á mánuðinn. Er snjóinn tók upp í byrjun mánaðarins, var klakabýkktin í jörðu 60 cm, en minnkaði niður í 30 cm í mánuðinum.

Það skipti um tíð um mánaðamótin apríl/maí og hélt norðan- og norðaustanátt með frosti hvern sólarhring út allan mánuðinn í maí.

Þegar hlýnaði í veðri í júnibyrjun, fór frostið úr jörðu. Þá tók gróður mjög snöggum framförum. En vegna hinnar eindæma litlu úrkому var framförin minni en ella, þegar kom fram í mánuðinn.

Frá 1. - 9. júlí voru hlýindi. En úrfellið, sem kom frá 6. til 9. og var 11 mm, nægði ekki til að flýta til muna fyrir vextinum. Eftir hinn 9. júlí lækkaði hitastigið, sérstaklega á nóttunni. Þetta kuldatímabil hélt óslitið til 21. ágúst.

Septembermánuður var langheitasti sumarmánuðurinn. Strax í byrjun þess mánaðar og seinstu dagana í ágúst tók allur jurtagróður að vaxa hraðar, sá er ekki hafði þá þegar búið sig undir veturinn. Má nefna, að lerkið bætti verulega við hæð sína í byrjuðum mánuðinum.

Í október var oftast suðlæg átt eins og í september. Þá fannst ný-útsprungin brennisóley og bláklukka.

Þótt lítils háttar frost væri nokkur dægur fyrri hluta nóvember, hélt gróði land alveg þítt. Eftir miðjan nóvember hlýnaði enn meira. Á þeim hitadögum tók gras framförum, er sprottið hafði í skjóli,

Fyrstu 3 daga desembermánaðar var engin breyting á áttinni. En hinn 4. des. gekk í norðanátt, er hafði svo að segja ekki komið í 3 mánuði. Það snjóaði þá um svipað leyti og frysti. Þó var því næra ekkert frost í jörðu, er þíðið kom hinn 22. des. Því gat gróði land tekið við allri rigningunni, er féll dagana 26. til 29. des. Sú rigning var hin mesta, er kom á árinu á jafnlöngum tíma.

Dagar á árinumeð 20 stiga hámarkshita og yfir urðu 7, og voru þar af 4 í júlí, en 3 í september. Heitast 21,1 stig 5. september.

Síðasta vorfrost mældist í mælaskýli 11. júní - 2,5 stig, í skógi - 4,1 stig. Í skógi við jörð mældist enn fremur frost 12. júní - 3,4 stig, 28. júní - 1,1 stig, 12. júlí - 0,2 stig og 13. júlí - 1,3 stig.

Fyrsta haustfrost í skógi við jörð kom 8. sept. - 0,3 stig, 21. sept. - 1,8 stig, 25. sept. - 1,7 stig. Og 26. sept var frost í mælaskýli - 0,3 stig og við jörð - 2,7 stig.

Af þessari upptalningu sést, að haustið hefir verið einstaklega frostlétt og algerlega frostlaust í tæpa 2 mánuði.

Tafla I. Hita-, úrkoma- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1958.

Mánuður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskinsstundir	Fjöldi vaxtar-ein.
	Meðaltal	Vik frá meðallagi	Sam-tals	Vik frá meðallagi		
Jan.	-2,7	-1,6	86,3	-36,2	1,2	
Febr.	-5,4	-4,0	63,0	-6,3	26,4	
Marz	-1,6	-1,7	22,9	-15,7	94,3	
Apr.	3,8	+2,4	28,1	-9,6	151,8	
Maí	2,2	-3,4	5,1	-16,5	180,6	
Júní	8,9	0,0	7,8	-17,0	228,3	54,28
Júlí	10,3	-0,9	25,7	-13,5	242,7	69,03
Ág.	8,6	-1,5	68,9	+29,5	53,1	46,90
Sept.	10,7	+3,3	29,1	-27,0	111,7	
Okt.	6,1	+2,1	56,8	-5,6	30,0	
Nóv.	4,5	+2,8	49,8	-34,4	6,9	
Des.	-0,8	-0,5	102,6	+17,8	-	
Arið	3,7		546,1	+134,5	1.127,0	170,21
Júní-sept.	9,6	+0,2				

Meðaltalið, sem vik er reiknað frá, nær yfir árin 1941-1957, að báðum meðtöldum.

2. Vöxtur og brif trjágróðursins.

Birkiskógrinn taldist allaufgaður 12. júní, en hinn 1. júní var hægt að finna einstöku útsprungna runna. Allt lauf var fallið af skóginum 16. október, en mest fóll það kringum 10. október. Því miður hefir mér láðst að skrifa hjá mér laufgun og nálfall á lerkinu í Guttormslundi og í Mörkinni. Hins vegar krotaði ég hjá mér smávegis um fölnun á ungu lerki í skóginum og eins í greæðireitnum til þess að bera saman hin ymsu kvæmi. Ég sleppi þó hér að birta þær tölur, því að ég tel réttara að reyna fyrst að gera samskonar athugun að vorinu, en það gerði ég ekki s.l. vor.

Hæðarvöxtur trjágróðursins var nokkuð jagn og tvímælalaust í betra meðallagi, mun hafa verið svipaður og s.l. ár. Að vísu fór ég enga skipulega yfirferð yfir teigina að þessu sinni til þess að mæla ársprota, en

get bess aðeins, sem litið hefir verið á af handahófi. Í lerkiteigunum frá 1951-1955 er ársprotalengd þetta frá 30-60 cm og mjög mikið 40-50 cm. Í stafafurunni á Atlavíkurstekk er megnið af sprotunum 40-50 cm og sumt þar yfir. Gamla rauðgrenið er með 30-40 cm sprota og ungt rauðgreni og hvítgreni tók mjög bærilega við sér.

Dálitið fræ reyndist á birki og var safnað nokkru, eða 20 kg af þurru fræi.

Í haust var langmesta könglatekja, sem orðið hefir til bessa á broddfurum. Af trjánum hér á Hallormsstað tindum við 920 köngla, en 320 komu af trjánum í Geitagerði í Fljótsdal. Þegar þetta er ritað er langt komið að klengja okkar könglum og höfum við þegar fengið 400 g af fræi, en könglunum frá Geitagerði eru óklengt enn.

Pó nokkuð var af könglum á stafafurunni á Atlavíkurstekk, en þeim er óklent enn. En af fræinu, sem við fengum í fyrra, spíruðu fáein, svo að ekki er vonlaust, að við fáum nú eitthvað smávegis af spírunarhæfu fræi.

Pá voru í fyrra skipti könglar á gömlu lindifurunni, 5 stk. á einu tré. Ofurlítill fræ eru í þeim, en ég hefi ekki athugað þau nánar ennþá.

Allmikið af könglum var á lerkinu í Guttormslundi og hinu eldra frá 1922. Var safnað alls nálægt 6 pokum af könglum af Arkangelsklerkinu. Var það mjög seinlegt verk og könglarnir víða litlir. Búið er að klengja því sem hægt er af Arkangelskkönglunum án vatnsmeðhöndlunar, og höfum við þegarfengið 3,85 kg af fræi með vængjum. Búast má við, að hægt verði að ~~XX~~ "tütla" könglana talsvert ennþá, en það er ákaflega mikið nostursverk og getur tekið langan tíma. Nú verður ákaflega spennandi að sjá, hvort fræ þetta reynist spírunarhæft. Það væri óneitanlega mikið gleði-efni, ef svo yrði.

3. Starfsmenn og verkafólk.

A árinu vann Páll Guttormsson hér einn fastra starfsmanna stofnunarinnar. Hann vann í skóginum fyrstu 3 mánuði ársins, en síðan í græðireitnum það sem eftir var ársins, nema hvað hann var mjög mikið við könglatekju í nóvember og byrjun desember.

Skógarvörður hafði að miklu leyti umsjón með skógarhöggi, þegar Páll var ekki þar með, og afgreiðslu á viðaráfurðum, ennfremur með gróðursetningu og girðingum og rekstri jarðytunnar.

I töflu II. er greindur fjöldi fastra starfsmanna og lausráðins fólkis, eins og það varð flest í hverjum mánuði, ásamt fjölda vinnustunda og kaupgreiðslum. Þess skal getið, að skógarvarðarbústaðurinn er tekinn með í þessu yfirliti.

II. Girðing af ramkvæmdir.

1. Viðhald.

Heldur meira fór til viðhalds skógargirðingarinnar á Hallormsstað en árið áður - eða um 5.700 kr. Aðallega var þetta lagfæring á girðinguinni innan við Sólheima. Þar hafði hún verið færð fyrir nokkrum árum, en þurfti nú mjög hressingar við. Var nú í það ráðizt, þar sem ætla má, að um sinn verði girðingin ekki færð á þessari hlið. Voru 2 horn endurnýjuð parna, rétt úr hlykkjum, sem voru á girðingunni og bætt í hana neti og staurum og allt harðstrengt. Ennfremur var gamla skógarhliðið lagfært, svo að þægilegt væri að ganga um það.

Þá var á miðju sumri hressst upp á gamla pípuhlíðið við Hafursá, sem var orðið svo hrörlegt, að það var bæði hættulegt umferðinni og stofnun-

Tafla II. Fólk í vinnu á Hallormsstað 1957.

Mánuður	Fastir starfs- menn	L a u s r á ð i ð f ó l k		
		Fjöldi	Vinnust.	Laun kr.
Janúar	1	-	-	-
Febrúar	1	-	-	-
Marz	1	3	192	5.061,70
Apríl	1	5	758	15.105,50
Maí	1	29	3.652	57.968,87
Júní	1	39	6.581	115.535,86
Júlí	1	36	5.546	104.517,77
Ágúst	1	19	3.301	76.562,38
Septemb.	1	15	2.297	51.104,89
Október	1	7	1.034	29.035,94
Nóvember	1	9	979	26.588,46
Desember	1	3	134	3.760,83
			24.474	485.242,20

inni til vansa. Tókst að lappa svo upp á það, að það getur kannski laf-að eitt sumar til, ef í nauðir rekur.

Við urðum fyrir því óhappi, að Staðaráin hljóp mjög illilega og óvenjulega á miðjum vetri og gerekilagði hina nýju girðingu, sem gerð var þar yfir í fyrra á rafveitustíflu húsmæðraskólangs. Að öðru leyti kom nýi hluti skógargirðingarinnar ágætlega undan vetri, og það sýndi sig t.d., að á nýja kaflanum í Dagmálaþjalli festi aldrei snjó að marki.

2. Aðrar girðingaframkvæmdir.

Af ýmsum sökum var hætt við þau tvö girðingaverk, sem áætluð höfðu verið: Hádegisfjall og litla bráðabirgðagirðingu á Miðhúsum. Átlunin var að jafna með jarðytu undir væntanlega girðingu í Hádegisfjalli, en í þess stað léttum við freistast til að hafa jarðytuna í útláni í mestallt haust, svo að úr þessu verki varð aldrei, og að því er Miðhúsagirðinguna varðaði er það að segja, að bæði sáum við fram á peningaskort, svo að einhvers staðar yrði að spara, og svo þurftum við óhjákvæmilega að hjálpa öðrum aðilum með girðingamenn okkar, eins og nú skal greina:

a. Húsmæðraskólinn á Hallormsstað. Við tókum að okkur að girða 160 kringum skólanum. Þótt sú girðing væri ekki löng, var betta seinlegt verk og nostursamt, þar eð horn voru mörg og notað þéttiridio garðanet, enda voru tveir menn bundnir við það meira og minna í 5 vikur.

b. Skógræktarfélag Austurlands. Þá voru girðingamenn okkar í um hálfan mánuð alls á Eyjólfss töðum að leggja síðustu hönd á hina nýju girðingu skógræktarfélagsins þar. Er henni nú loks að fullu lokið, svo að hægt á að vera að hefja þar gróðursetningu aftur. Aðalverkið í sumar var samt að taka upp syðri girðinguna (en hún hefir verið alveg í tvennu lagi frá því skógelndið var girt). Viðhald á henni var orðið vonlaust verk, svo að ekki lá annað fyrir en rífa hana upp.

c. Eiðagirðing. Síðasta girðingaverkið, sem við tókum að okkur - verk, sem alls ekki boldi bið lengur - var að hefja gagnera endurbót á skógargirðingunni á Eiðum. Af sérstökum ástæðum varð að færa girðinguna utar á meiri hluta framhliðarinnar, eða 1.400 m kafla. Þarna var jarðýta okkar að verki talsverðan hluta septembermánaðar við að jafna undir þennan kafla og 600 m að auki. Er þá alveg lokið undirhléðslu undir girðinguna frá Fljóti og upp að þjóðvegi, eða alls 2 km. Í tveimur lotum, í

október og síðari hluta nóvember, var svo hin nýja girðing sett þarna upp, og var verkið framúrskarandi vel af hendi leyst hjá þeim tvíburum Baldri og Braga Jónssonum frá Freyshólum, sem eru nú orðnir okkur alveg ómissandi girðingamenn. Hér skal staðar numið, þar sem nánari lýsing þessara framkvæmda á vart heima á þessum stað.

III. Skógarhögg.

Eins og tafla III ber með sér, fíll meiri viður á árinu en nokkur undanfarin. Páll Guttormsson vann að grisjun í ungskógi eftir sem veður og færð leyfðu í febrúar og fyrri hluta marz. En hinn 24. marz hófst skógarhögg fyrir alvöru, og var þá til tekið, ~~KKK~~ þar sem frá var horfið í lok desember og haldið áfram grisjun fyrir gróðursetningu í Partinum ofan við Langasand og Bergsbás.

Auk Páls Guttormssonar unnu 3 menn við höggið frá byrjun, 1 bættist við um 10. apríl og loks Aksel Steenstrup frá Viborg um 20. apríl. Héldu þeir áfram nær óslitið allir (nema Páll, sem fór alveg í græðireitinn seinni hluta apríl, og annar, sem slasaðist 23. apríl og varð óvinnufær í meira en mánuð) fram um miðjan maí. Á þessu tímabili voru höggvin þessi svæði:

1. Neðri hluti Partsins ofan við Langasand og Bergsbás útað yztu þverbraut í Partinum og uppundir Mylluhvamm og inn að mýrarsundunum utan Borgargerðis og þverbraut upp af Bergsbásklifi. Alls nálægt 7 ha eftir lauslegri mælingu.

2. Teigur í miðjum Stórkógi milli tveggja eftstu langbrautanna í Innskóginum frá Kerlingará og næstum inn að Króklæk. Um 2,5 ha.

3. Teigur sá neðan við Stórhól í Innskóginum, sem markast af Selvegi að neðan, Atlavíkurlæk að framan og brautum á hina two vegu. Um 1,2 ha.

4. Grisjaður þriðja árið í röð Guttormslundur og lerkiteigurinn á Atlavíkurstekk. Fíllu þar 190 tré. Hér er meðtalið, að tveir menn unnu nokra daga við að klippa og saga tvítóppa af lerkinu. Sýnilegt er, að þetta er óhjákvæmilegt að einhverju marki, en það er mjög seinlegt og breytandi verk.

I þessari vorlotu var að langmestu leytí lokið við að bera saman og efna niður í staura og aka af svæðunum að bílvegum í Partinum. Lá nú skógarhögg að heita mátti niðri, partil í ágústbyrjun. Þá var borið saman á teigunum í Innskóginum, efnað niður í staura og ekið að vegi. Ekki vannst samt tími til að aka af svæðunum öllum staurum og viði fyrr en í haust og vetur. Var verið að smágrípa í þetta, þegar tími gafst frá öðrum brýnni störfum.

Þar sem land var yfirleitt gott yfirferðar á öllum þessum teigum, var sá háttur hafður á, að viðurinn var týndur saman í fremur smáa kesti. Síðan var gengið á röðina með Ferguson-viðarsögina og efnað niður í staura og öllu saman ekið að lokum að vegi á dráttarbeizli tarktorsins. Á beizlið með sæmilegu móti hlaða 50-70 staurum ~~á~~ annað hundrað styttum. Töldum við, að þetta myndi ódýrara en að bera viðinn á sjálfum sér, þar sem langt er að brautum, fyrir utan hvað það er fyrirhafnarminna.

A þessu ári höfðum við í fyrsta skipti í undanfarin ár eins mikið af staurum og hvar vildi fá. Það er enginn vafi á því, að fyrir bragðið tvöfaldarist salan frá því, sem verið hefir tvö næstliðin ár. Við byrjuðum nú með enn einn flokk af staurum (BIII), sem er 1,80 m á lengd og undir 5 cm í þvermál í toppinn, og seldom þá staura 2,00 kr ódýrara en BII (sama lengd, en 5-8 cm í topp). Reyndin varð sú, að af þessum flokki var keypt mjög mikið. Tveir bændur, sem lengi hafa notað birkistaura, vilja heldur þessa grennri en hina gildari, segjast hafa reynslu fyrir betri endingu þeirra en hinna.

Hins vegar neita ég því ekki, að ég varð fyrir vonbrigðum með söluna

Tafla III. Skógarhögg og viðarsala á Hallormssstað 1958.

Bls. 6

	Birk 1						Lerk 1						
	BI stk.	BII stk.	BIII stk.	BIV stk.	Styttur stk.	Eldiv. tonn	Reykv. tonn	Efniv. kg	Krónur	BII stk.	BIII stk.	Styttur stk.	Krónur
Sala 1958	14	2.343	1.052	170	840	6,0	4,87	0,28	28.134,50	386	30	280	5.138,00
Eigin notkun	-	-	-	-	-	13,5	-	-	-	15	-	50	345,00
Girð.einstakl.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	50	-	-	400,00
Eiðagirðing	-	100	-	-	300	-	-	-	1.675,00	-	-	-	-
Birgðir	40	250	275	800	2.400	-	-	-	14.685,00	200	110	100	3.840,00
Alls	54	2.693	1.327	970	3.540	19,5	4,87	0,28	44.494,50	651	140	430	9.723,00
* birgðir 157	34	528	-	353	622	3,5	-	-	7.374,75	420	-	258	4.390,00
Högg 1958	20	2.165	1.327	617	2.918	16,0	4,87	0,28	37.119,75	231	140	172	5.333,00
Tonn	0,2	13,5	6,0	2,3	6,0	16,0	4,87	0,28	49,15	1,5	0,6	0,2	2,30

Alls nam viðarhöggvið samkvæmt þessu um 51,5 tonnum. Staurar voru alls 4.500 stk., en styttur 3.090 stk.

Verðmæti viðarhöggssins, að frádrégninni heimanotkun eldiviðar, nam þannig tæplega 42.500 kr.

á "skurðstanrunum" (sem nú eru BIV í flokkuninni). En ég held það hljóti að vera stundarfyrirbæri. Bændur fá styrk út á girðingar á skurðbökkum með 3 gaddavírstrengjum, svo að þeir gera ekki betri kaup en að taka þessa stærð. Varðandi styttunar, sem seldust líkt og í fyrra - en ég bjóst við aukningu - er það að segja, að menn eru sumir deigir við að taka ~~KEX~~ mikið af þeim, því að þeir segjast ekki fá styrk útá girðingar, ef bil milli jarðfastra staura fer yfir 5 m, og er þá í hæsta lagi hægt að hafa eina styttu í bil. En greinilegt er, að þeir, sem komið hafa á lag með að nota styttunar, halda áfram að kaupa þær.

Fyrir jólin var þetta selt af jólatrjám og -greinum:

134 kg furugreinar (fjallafura og stafafura)

11 stk. furutoppar

10 " broddgrenitré

1 " blágreni

1 " stafafura (útijólatré á Egilsstöðum og þótti mjög fallegt).

Andvirði, þegar flutningskostnaður er frádreginn, er kr. 4.017,-, eða nokkru meira en í fyrra. Þá var haldið þeirri venju tveggja síðustu ára að senda öllum heimilum í Skóum jólatré og greinabúnt að gjöf, en við öll þessi heimili hefir stofnunni orðið meiri og minni skipti.

Með jólatrjám og -greinum hefir skógurinn gefið af sér á árinu verðmæti, er nemur um 46.500 kr. Útgjöld á skógarhöggsreiðningi eru færð alls rúmlega 51.000 kr. Ær þar meðtalinn vinna Páls Guttormssonar í jan.-marz. Til þess að greiða hana voru hins vegar ætlaðar 10.000 kr. á fjárhags-áætlun. Ennfremur er í kostnaðinum talinn nokkur flutningur, sem kaupendur hafa greitt, kostnaður við trjámalingu (á felldu lerk), toppsnyrtting í lerkiskóginum o.fl. Að öllu þessu athuguðu, þykir mér ástæða til að vera ánægður með útkomu á skógarhöggi ársins. Það er alveg sýnt, að tryggasta leiðin til þess, að það geti nokkurn veginn staðið undir sér, er að hafa nægar birgðir af staurum. - Raunar má ekki leyna því, að á þessu ári hjuggum við í tiltölulega beinvöxnum skógi, sem nýttist sérlega vel í staura og styttur, og við vorum hvergi langt frá akfærum veki. En auðvitað er tómt mál að tala um skógarhogg á þessum tínum, nema hafa gott vegakerfi um skóginn.

IV. Græðireitur.

1. Almennt um fjárfestingu í græðireitnum.

Keypt taki. Á þessu ári var aðeins keyptur plöntuupptakari til græðireitsins. Hann kom í gagnið við upptöku á birki í haust og reyndist mikið þarfapíng, sem trúlega á eftir að stuðla að lækkun á upptökukostnaði verulega. - Hér má og geta þess, að smiðað var hér á staðnum andvægi á dráttarvélina til þess að geta þyngt hana að aftan við mokstur. Er flykki þetta svo útbúið, að hægt er að festa það við vagnbeizlið og losa úr sæti dráttarvélarinnar. Þyngdin er nálægt 500 kg. Það er fyrst nú, að við höfum full not af moksturstækinu og vagninum, því að óþyngdur að aftan er traktorinn alveg máttlaus við mokstur og ef hlaða á hann með t.d. sandpokum, sem taka verður burt í hvert skipti sem vagninn er tengdur við, tekur það sinn tíma.

Vatnsveitan. Á árinu var bætt mjög við vatnsveitu græðireitsins. Að ofanverðu var hún lengd um 100 m með 80 mm víðum asbeströrum, en niður gegnum græðireitinn var hún lengd með 300 m löngum galavniseruðum rörum,

1½" víðum. Asbestleiðslan var öll höfð ofanjarðar og hvílir á birkikrossum. Mest af leiðslunni gegnum Mörkina var líka haft ofanjarðar, nema þar sem fara þurfti undir vegi. Gert er ráð fyrir að hafa 3 úrtök við hvern reit, nema Neðstareitinn. Ekki var samt lokið við að ganga frá öllum þessum stútum, en rennilokar eru til í þá alla. Í Kerlingaránni var hlaðin stífla úr torfi og grjóti, útbúið vandað inntak með sigtum til að fyrirbyggja óhreinindi. Kostnaður varð:

1. Asbeströr	kr.	5.183,60
2. Galvaniseruð rör frá Rvík.	"	8.956,47
3. Rennilokar, fittings, rör, verkstæði isvinna og flutningur	"	4.384,65
4. Vinna við uppsetningu	"	6.640,00
		=====
	"	25.164,72
* selt efni	"	175,00
		=====
	Alls kr.	24.989,72
		=====

Til þessa verks voru áætlaðar 25.000 kr. Má því segja, að einu sinni hafi vel tekist að standast áætlun!

Með vatnsveituna komna í þetta horf hefir möguleiki á öruggum rekstri græðireitsins aukizt mjög. Að vísu veitir ekki af með þrýsting í vissum tilvikum. Ef ég hefði nú átt að sjá um uppsetningu þessarar vatnsveitu, hefði ég haft alla leiðsluna að græðireitnum úr 80 mm asbeströrum. Þau kosta nefnilega ekki meira á metra (með tengistykjum) en 2" galvaniseruð rör.

Vermireitir og karmar. Engu var við þetta bætt á árinu. Hins vegar var sett allmikið af nýjum höldum á glugga. Kostnaðurinn við það og aðra viðgerð á gluggum varð alls tæpl. 1.000 kr. En hann er færður í einu lagi á vökvunarrekning, skv. því, að þar á að fera alla viðgerð á gluggum og gluggaburð.

Nýrækt. Einsog skýrt var frá í síðustu ársskýrslu, var nýi græðireiturinn að mestu tilbúinn til notkunar strax í fyrrahaustr. Það reyndist samt furðudrjúgt verk að tína allar smárætur úr moldinni. Voru margar stúlkur dögum saman við það verk, fóru ótalmaðar umferðir og reiturinn fræsaður á milli. En svo vel tókst að hreinsa, að ekki urðu veruleg óþægindi að rótum við dreifsetningu. Þetta kostaði tæpl. 3.100 kr. og er fært á jarðvinnslu.

Um miðjan desember hófst vinna við að ryðja skógin frá tveimur jöðrum Efstareitsins, að neðan og utan. Er átlunin að rétta þann reit svo af, að hann verði rétthyrndur. Fæst þar nálaegt 650 m² stækkun. Því miður gátum við ekki í tæka tíð, áður jörð frysi, náð rótunum þarna upp með jarðýtu. Það bíður vorsins. En okkur verður brýn nauðsyn á að fá þessa spildu með í vor undir dreifsetningu.

Vegagerð. Lokið var við að gera snyrtilega tyrfða kanta kringum allan nýja reitinn. Ennfremur var gengið frá aðalveginum meðfram nýja reitnum og fyrir ofan hann áleiðis upp að Markarhlíði. Var þessi spotti malborinn. Öll var þessi vinna seinleg og nostursöm, þar sem áherzla var lögð á að fá ábetta gott útlit. Enda kostaði það heil ósköp, um 7.400 kr. Var þessi upphæð klipin af því, sem átti aða fara til vegagerðar í skóginum.

2. Áburður.

Aftilbúninn áburði var notað í græðireitinn á árinu:

300 kg	brennisteinssúrt kalí,	birgðir í árslok	100 kg
200 "	prífosfat,	" " "	600 "
525 "	ammóniumnitrat	" " "	250 "

Af húsdýraáburði var notað:

6 tonn sauðatað (2 bíhlöss).

Þetta er mun minni áburðarnotkun en að undanförnu. En þá ber að hafa tvennt í huga:

I fyrra var kakkað býsnum af húsdýraáburði í nýja reitinn, en þar er megnið af bæði sáningu og dreifsetningu ársins, fyrir því þurfti svo lítið af húsdýraáburði.

I fyrra létt ég jarðvegsrannsóknadeild Atvinnudeildar háskólans gera athugun á jarðvegi í græðireitnum. Teknar voru 6 prufur, og þær valdar úr öllum hlutum reitsins. Aukhugað var pH, húmusinnihald og nýtanlegur fosfór í jarðveginum. Að því er fosfórinn varðaði, kom í ljós, að nýtanlegt magn af honum hér í græðireitnum er geypilega mikið, sums staðar prisvar sinnum meira en talið er bærilegt. Mest reyndist það 24,1 mg í 100 g þurrefnis. Mér er tjáð, að 4-6 mg þyki mjög bærilegt. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum, ákváðum við að draga mjög úr fosfórbreiðslunni þetta ár. pH reyndist frá 5,2 til 6,4 - eða mjög svipað og ég hefi séð í norskum græðireitum. Húmusinnihald reyndist mjög bærilegt, frá 7,2% (eina sýnishornið undit 10%) upp í 14,3%.

Kostnaður færður á áburðarrekning á þessu ári varð um 4.000 kr. En þess verður að geta, að alltaf eru ógreidd 7 bíhlöss af sauðataði frá árinu 1957 og 2 frá 1958.

3. Sáning.

Aætlað hafði verið að sá hér í 750m², en begar til kom, var okkur sent miklu meira fræ, svo að vorsáning varð alls 970 m². Er hér við bætist haustsáning í 76 m² - eða alls tæplega 1.050 m², er þetta mesta sáning til þessa hér á Hallormsstað að fermetratölu. Ég vil strax taka það fram, að ef mikið sprettur upp af þessari sáningu - einsog þetta fyrsta sumar bendir eindregið til - verður ekki pláss í græðireitnum til þess að dreifsetja allar þær plöntur að 2-3 árum liðnum, að óbreyttri stærð reitsins. Það verður að vera tryggt í tæka tíð, að við getum afgreitt dreifsetningarplöntur til annarra staða.

I haust var sáð mestri lindifurunni og Pinus pumila (hluti af ~~N~~þoru tevggja fæsinu var stratifiseraður í vetur til reynslu) og tveimur prufum af stafafuru, auk nokkurs reyniviðarfæs.

Ég held sáningin hafi tekizt vel, kannski er hún jafnbetri en nokkurt annað ár - að sjálfsögðu að undanteknu árinu 1953, sem ber af öllum sáningarárum hér. Því miður er broddfurðan líklega lökust. Það fræ spíraði mun verr en fræið, sem kom 1955.

Af barrtrjáfræi héðan frá Hallormsstað var sáð broddfuru (mjög góð spírun), blágreni (örlítill prufa, en spírun sémileg) og stafafuru (nokkrar plöntur komu upp).

Kostnaður við sáningu varð alls kr. 10.355,-, eða kr. 9,85 á m². Ef vorsáning er tekin sér, reyndist kostnaður við hana kr. 8,30 á m². En haustsáningu fylgir ætið meira vafstur en vorsáningu.

Tafla IV á bls. 10 sýnir tegundir, er sáð var og magn af fræi.

Hingað komu á árinu tvær aðalsendingar af fræi. Hinni fyrri fylgdi listi, dags. 28/4. Hinni síðari, sem í voru ýmsar prufur og bergfura, fylgdi ekki listi. Er hún í skýringadálki töflu IV nefnd "síðari sending". Loks kom ég með frá Reykjavík í september 4 kg af lindifuru, en um uppruna hennar veit ég ekki.

Tafla IV. Fræsáning á Hallormsstað vorið og haustið 1958.

Tegund	Uppruni	Kg	m ²	Skýringar
Birki, ísl. ...	Hallormsstaður	6,50	281,2	Safnað 1957
Hengibjörk	Rússland	0,50	11,0	Frælisti 28/4 '58
Reyniviður	Hrafnkelsst. & Hall.	11,50	21,7	Safnað 1958
Brodd- og blágreni	Colorado	1,00	53,6	Frælisti 28/4 '58
Blágreni	Hallormsstaður	0,01	0,2	Safnað 1957
Hvitgreni	Lawing	0,50	6,5	Frælisti 28/4 '58
Rauðgreni	R-K-E-D	4,00	162,5	- " -
" -	3 sýnish. Miðevr.(?)	0,60	25,3	Síðari sending '58
Sitkabastarður	Lawing	2,00	31,7	Frælisti 28/4 '58
Sitkagreni	Seward	2,00	62,3	- " -
" -	Homer	5,00	75,6	- " -
Dahúríulerki ..	Síbería	0,18	6,5	- " -
Rússalerki	Sverdlovsk	3,00	55,2	- " -
Evrópulerki ...	Tyrol	1,00	22,1	- " -
" -	Ókunnur Svalbár	0,10	3,5	Síðari send. '58
Balsampinur ...	Port Hope S.	1,50	25,4	Frælisti 28/4 '58
Fjallapinur ...	Colorado	1,00	17,9	- " -
" -	B3/161/57	0,05	2,0	Síðari send. '58
Fjallapöll	Lawing	1,50	42,8	Frælisti 28/4 '58
Bergfura 3400	Öpekktur Pyreneas	1,50	44,2	Síðari send. '58
" -	Huatés-Alpes	0,10	11,0	- " -
Pinus Mugo	Öpekktur Nal	0,15	11,0	- " -
Broddfura	Colorado	1,00	30,0	Frælisti 28/4 '58
" -	Hallormsstaður	0,03	0,2	Safnað 1957
Lindifura	Síbería	1,00	2,7	Fræs. nr. 237
" -	Krasnojarsk	3,00	7,1	Frælisti 28/4 '58
" -	Sviss (?) Finnland	3,00	6,9	Sept. 1958
Pinus pumila ..	Jakútia	1,00	5,0	Frælisti 28/4 '58
Stafafura	Skagway	0,16	10,0	Fræs. nr. 170, afg.
" -	Banff Alberta	0,25	20,0	" " 559
" -	B3/155/57 Salmon Arm	0,05	2,9	Síðari send. '58
" -	Hallormsstaður	0,005		Safnað 1957
Alls		53,185	1058,0	

4. Dreifsetning.

Tafla V sýnir tegundir og fjöld adreifsettra plantna á vorinu. Er það hvorki meira né minna en 306.500 plöntum færra en hér var í fyrra talið til dreifsetningar. Tafla VI sýnir hins vegar, að í vor voru sendar til annarra stöðva og í Hafnarfjörður 253.900 dreifsetningarplöntur. Hafa þannig alls komið úr stöðinni 593.200 dreifsetningarplöntur. Það sem á vantar uppí hina áætluðu tölu, skyrist í höfuðatriðum svo: 1) Skógarfura frá Troms (talin 24.000) var ekki dreifsett. 2) Stafafura (talin 8.900) ekki heldur. 3) Hvítgremiúrkast (talið 5.700) ekki dreifsett, né heldur 4) rauðgreni, 10 norsk kvæmi (talið 9.100). 5) Lerkið reyndist mjög topp-kalið, okkur til mikilla vonbrigða, og varð að kasta úr því allmiklu af þeim sökum. 6) Brodd- og blágrenið var viljandi sortérað mjög kröftuglega,

þar eð reynslan sýnir, að ekki þýðir að dreifsetja mjög smáar plöntur af því. 7) Af ýmsum öðrum tegundum og kvæmum kom heldur minna en áætlað var, þótt ekki breytti það miklu. - En segja má, að í heild hafi talningin frá haustinu áður staðið bærilega.

Sakir hinna miklu kulda í maí, hófst dreifsetning ekki fyrr en í byrjun júní og henni lauk um 4. júlí. Langmest var dreifsett í nýja reitinn ekkert teljandi, nema lauftréni, var sett annars staðar.

Tafla V. Dreifsetning á Hallormsstað 1958.

<u>Birki, íslenzkt,</u>	Bæjarstaður, 3/0	18.300 *
<u>Almur,</u>	Beiarn, Noregi, 1/2	1.100
<u>Reyniviður,</u>	Fjótsdalshérað, 3/0	7.500 *
<u>Dahúriulerki,</u>	Aldan, 2/0	42.500
"-	Amaga, 2/0	2.000
"-	Tommot, 2/0	1.200
"-	Sínsk, 2/0	1.000
"-	Komsomolsk v/Amúr, 2/0	700
<u>Rússalerki,</u>	Yarensk, Arkangelskhér., 2/0	47.400
<u>Síberíulerki,</u>	Sverdlovsk, 2/0	900
<u>Brodd- og blágreni,</u>	Sapinero, 3/0	4.800
<u>Hvítgreni,</u>	Brit. Col., 2/0 (fræs.nr. 531) .	46.000 *
"-	Aleza Lake, 2/0 (" " 486) .	700
"-	" " 2/0 (" " 485) .	1.100
<u>Asperatagreni,</u>	Hörsholm, 2/0 (fræs.nr. 482)	1.200
<u>Rauðgreni,</u>	Nord-Helgeland, 3/0	3.000 *
"-	Ivdél, Úral, 3/0	900
"-	Drevja, Vefsen, 2/3	12.700
<u>Sitkabastarður,</u>	Lawing, 2/0	7.900
<u>Sitkagreni,</u>	Cordova, 2/0	84.000 *
"-	Homer, 2/0 (fræs. nr. 483)	35.000
"-	afgangar af söluplöntum	3.400
<u>Hvítbinur,</u>	Sapinero, 2/0 (fræs. nr. 378)	400
		38.800 *
		10.000 *
	Alls	339.300

Græðlingar:

<u>Pingviðir</u> 0/2	2.000
"-	2.000
<u>Gulviðir</u>	2.500
<u>Alaskaösp</u>	700
<u>Rifs</u>	600
<u>Loðviðir</u>	100
	7.900

Alls 347.200

=====

Við höfum trú á, að dreifsetningin hafi tekizt vel, enda þótt veðurskilyrði væru mjög öndverð: úrkoma hinminnsta, sem mæld hefir verið í júnímánuði hér, og sólfar næstum eins mikil og 1957. Án vökvuharkerfisins hefði orðið stórslys. Hafandi þetta kerfi má fullyrða, að við eignum ekki lengur allt okkar undir regni, þótt hið sama verði kannski ekki sagt um sólina ennþá! Þótt miklu sé kostað til vökvunar í svona árferði, er enginn vafi á, að þau útgjöld skila sér strax í minni vanhöldum en ella.

Að því er varðar einstakar tegundir, vil ég geta þess, að birkidreifsetningin virtist takast sérlega vel og betur en undanfarin ár. Var kannski ein ásæða til þess, að það var sortérað í dreifsetninguna með mikilli gagnrýni og miskunnarlaust hent lélegum plöntum. Sama er að segja um reyni-

viðinn. Lerkið var - einsog áður er getið - mjög toppkalið og hið mesta vandamál að meta, hve miklu skyldi henda. Við tókum bann kost að kasta miklu. Eg held grenidreifsetningin hafi ábyggilegat kízt vel, nema á því, sem síðast var dreifsett af sitkagreni. Það var farið að vaxa allmikið, en okkur virðist sitkagrenið viðkvæmt í dreifsetningu, þegar svo er komið, andstætt t.d. rauðgreninu, sem allt lifir af.

Tafla VI. Dreifsetningarplöntur afgreiddar til annarra stöðva.

<u>Birki, íslenzkt,</u>	Bæjarstaður & Hallormsst., 3/0	5.500
<u>Dahúriulerki,</u>	Aldan, 2/0 <i>Naglis</i>	5.000
<u>Hvitgreni,</u>	Granite Creek, 2/3	600
<u>Sitkabastarður,</u>	Lawing, 2/3	12.500
<u>Sitkagreni,</u>	Cordova, 2/0	221.000
"	Seward, 2/3	6.500
"	MacLeod, 3/3	1.500
"	Homer, 2/2/2	1.300
<u>Þingviðigræðingar</u>	2.500
		Alls 256.400

Núna unnu 5 stúlkur við dreifsetninguna aðallega, þar af 4 í ákvæðisvinnu. 4 þessara stúlkna voru vanar, en ein dreifsetti í fyrsta skipti. Við vorum nú svo heppnir að ná aftur í stúlku, sem hér var 1956 og kannski sú vandvirkasta, sem við höfum haft seinustu árin. Hún vann þá með sér fljótari stúlku og komst einu sinni yfir 8 þús. pl. á dag. Nú var hún sú afkastamesta og mjög jöfn, en náði aldrei sínum fyrri hámarksafköstum (komst hæst nú í 6.600 pl.). Sagði hún mér, að hún hefði ekki viljaprek til að keppast eins við, er hún sjálf væri fremst, og þegar önnur væri til að draga hana. Kemur þetta heim við hugmynd mína varðandi afköstin í fyrra og ég gat um þá í skýrslunni.

Allur kostnaður við dreifsetningu nam nú um 40.800 kr., en dreifsettar plöntur og græðingar voru alls 347.200 stk. Þetta gerir til jafnaðar á plöntu 11,8 aura. Er þá einsog fyrr reiknað hér í öll vinna við upptöku, sorteringu, þeðun, dreifsetningu og klippingu græðinga og dreifsetningu þeirra. I ákvæðisvinnu voru dreifsettar 245.700 pl., en á dagkaupi 93.600 pl., auk græðinga, þar í fyrst og fremst öll lauftrén. Ekki var að þessu sinni athugað, hve mikill tími fór í dreifsetningu í dagvinnu, né heldur í upptöku og sorteringu, þar eð slík athugun var gerð tvö undanfarin ár. En ég hefi tekið saman meðaltöl fyrir ákvæðisvinnu þeirra 4 stúlkna, sem þátt tóku í henni:

Alls	444	klst.	245.735	plöntur
Á	1	"	554	"
"	8	"	4.430	"
"	9	"	4.985	"

Vinnukostnaður 4,05 auðrar á plöntu til jafnaðar, á móti 3,70 aurum í fyrra, sem leiðir af hærri taxta en þá.

Við höfum vitað, að með lengra millibili milli plantna í rás minnkar fjöldi dreifsettra plantna á lengdareiningu, þar eð hlutfallslega lengri tími á plöntu fer þá í uppmokstur á rásinni og göngulag. Fyrir því er taxtinn látin stighthækka á plöntu með auknu millibili. En þessi hækkan taxtans hefir verið reist á ágizkun, en mér vitanlega ekki verið gerð á þessu athugun. Sama er að segja um muninn á taxta fyrir greni og furu annars vegar og lerki og lauftré hins vegar.

Eg hefi nú gert á þessu ofurlitla byrjunarathugun og eru niðurstöður

hennar í töflu VII. Æg tek vinnu þriggja stúlkna, sem í vor dreifsettu hér í ákvæðisvinnu. Tvær þeirra, Björg og Sigríður, fylgdust alltaf að,

Tafla VII. Samanburður á afköstum við dreifsetningu eftir millibili.

Tegund	Greni 2/0 & 3/0				Lerki 2/0		% aukn. á afköstum			
	Millibil	3,0 cm	3,5 cm	5,0 cm	Klst.	Plöntur	Klst.	Plöntur	Greni 3,5 cm í 3 cm	Lerki 5 cm í gr. 3,5 cm
Björg	1	616	1	531	-	-	-	-	16	-
Sigríður	1	627	1	540	-	-	-	-	16	-
Halldóra	-	-	1	646	1	480	-	-	-	35
Björg	9	5.540	9	4.780	-	-	-	-	-	-
Sigríður	9	5.650	9	4.855	-	-	-	-	-	-
Halldóra	-	-	9	5.815	9	4.240	-	-	-	-

Tafla VIII. Plöntur til dreifsetningar á Hallormsstað 1959.

			Fræs. nr.
<u>Birki</u> , íslenzkt, Bæjarstaður, 3/0	15.000		182
" " " Hallormsstaður, 2/0	50.000	65.000	367
<u>Reyniviður</u> , Fljótsdalshérað, 3/0	allt að	10.000	
<u>Dahúríulerki</u> , 2/0		6.000	236
<u>Rússalerki</u> , vegabréf 38, 2/0	8.000		235
" " Arkangelskher.norðanvert, 2/0	13.000	21.000	581
<u>Síberíulerki</u> , Askiz, 2/2	6.000		311
" " Chebalinsky, 2/2 & 2/3	1.000	7.000	312
<u>Broddgreni</u> , Sapinero, 2/0	25.000		185
" " 3/3	7.000	32.000	
<u>Brodd- og blágreni</u> , Sapinero, 2/0		15.000	184
<u>Blágreni</u> , Sapinero, 2/0	20.000		183
" " 3/0	130.000	150.000	377
<u>Hvítgreni</u> , Fort St. James, 2/0		10.000	560
<u>Rauðgreni</u> , Elsfjord, 2/0	20.000		233
" " Grane Vefsen, 2/0	50.000		234
" " Snåsa, 2/0	60.000		227
" " Nord-Helgeland, 3/0	40.000	170.000	369 &
<u>Sitkabastarður</u> , Lawing, 3/2		3.500	306
<u>Sitkagreni</u> , Seward Kenai Lake, 2/0	150.000		186
" " MacLeod, 3/3	12.000	162.000	
<u>Fjallabinur</u> , Sapinero, 3/0		8.000	376
<u>Síberíubinur</u> , Tavda Sverdlovsk, 3/0	22.000		385
" " Mourino Irkutsk, 3/0	5.000	27.000	384
Alls 686.500			

reyndust ótrúlega jafnfljótar og dagsafköst þeirra mjög jöfn frá degi til dags, eftir því sem búast má við. Þær unnu alltaf með sams konar plöntur sömu daga. Tekin eru meðalafköst þeirra með 3,0 og 3,5 cm millibili yfir dreifsetningartímann. Meðaltalið er reiknað úr vinnu sömu daga hjá báðum með sama millibili, svo að aðstæður allar ættu að vera mjög svipaðar - og jarðvegurinn í nýja reitnum er ákaflega líkur alls staðar,

bar sem honum var dreift yfir svæðið úr haugum eftir jöfnun landsins. Á sama hátt hefi ég reiknað afköst þriðju stúlkunnar, Halldóru, yfir greni með 3,5 cm bili annars vegar og lerki með 5,0 cm bili hins vegar af öllum plöntum, sem hún dreifsetti. Þetta er stúlkan, sem ég gat um áðan, mjög jafnvirk frá degi til dags. Ætti þessi samanburður því líka að gefa einhverja vísbindingu um taxtahlutfall milli þessara tegunda.

Tafla VIII sýnir plöntur til dreifsetninga 1959. Við áætlun þessa hefi ég gætt varfærni. Tölurnar eru reiknaðar út eftir talningu á 2-5% úrtaki. Hefi ég alls staðar lækkað tölur frá niðurstöðu útreiknings, sums staðar um 25%, einsog t.d. 2/0 sitkagrenið frá Seward, sem er í allþéttir raðsáningu, og því nokkur hætta á myglu (þótt mygluhættan sé auðvitað miklu minni en í þétri raðsáningu). Búast má við, að miklu verði að henda úr broddgreni og blágreni, enn fremur er hvítgrenið frá Fort St. James óhemjulega þétt.

Það er rétt að taka fram, að engar líku r eru til, að hægt verði að dreifsetja hér svona margar plöntur, a.m.k. ekki strax í vor. Til þess verður hvorki liðskostur né pláss í reitnum. En hugsanlegt er að geyma t.d. 2/0 rauðgrenið bar til seint í júlí. Það myndi einna bezt þola ~~XIII~~ frest. Þetta gæti líka hentað vel varðandi fólkshald. Væri þá hægt að halda fleiri stúlkum en ella allt sumarið en verið hefir. Slíkt hefði sína kosti.

5. Afhentar plöntur.

Tafla IX sýnir plöntuafhendingu úr græðireitinum. Þetta er tæplega 40 þús. plöntum færra en talið var til sölu haustið áður. Þessi munur stafar þó ekki af því, að talning hafi reynzt ótraust eða óvænt slys orðið á plöntum s.l. vetur. Talningin stóðst mjög vel, að því er allar tegundir og kvæmi varðaði, svo að birgðir voru nær undantekningarlaust heldur - og í einu falli miklu - meiriðen áætlað var. Hins vegar varð að láta þessar 40 þúsundir nægilega stórra plantna standa yfir vegna þess, að ekki var hægt að gróðursetja þær. Á það einkum við um norsku raugreni-kvæmin 10. Af þeim voru aðeins afgreiddar tæpl. 7.000 pl., en rúmlega 35.000 bíða vorsins 1959. Sama gilti um hluta af hvítgreninu og skógar-furuna, en þessi síðasttalda tegund má einsog stendur teljast óútgengileg vara, svo sem margsinnis hefir verið bent á.

Allur kostnaður við plöntusölu (upptaka, sortering, þökkun og sending á flugvöll eða í skip) varð um 42.700 kr. Hér frá verður þó að draga kostnað við afgreiðslu á úrkasti og dreifsetningarplöntum til annarra stöðva (sem líka er færður á plöntusölureikning). Að vísu var þetta ekki fært sundurliðað á vinnuseðla, en mjög nærri má um það fara. Það er gæti-lega áætlað, að þessi kostnaður nemi 2.500 kr., og auk þess dregst frá flutningskostnaður á plöntum, sem kaupendur sjálfir hafa greitt - kr. 1.350. Þá eru eftir kr. 38.900. Í þeirri upphæð er raunar vinnu við upp-töku á birki í haust, kr. 2.480, sem tilheyrir plöntusölu næsta árs. 36.400 kr. er því sú upphæð, sem plöntusalan í ár hefir kostað. Deilt með 202.250 plöntum, kemur út 18,0 ~~XIII~~ aurar á plöntu. Sé dreginn frá allur flutningskostnaður - kr. 4.400 - verður vinnukostnaður 15,8 aurar á pl. Í fyrra var samsvarandi kostnaður 15,9 aurar. Æg er ekki óanægður með það, þegar þess er gætt, að meiri hluti vinnu við plöntuupptökuna fór fram seinni hluta maímánaðar í kuldunum miklu, en við slikein aðstæður sækist svona vinnu miklu seinna en í samilegu veðri.

Þess má að lokum geta í sambandi við plöntuafgreisluna í vor, að við fórum að afgreiða plönturnar í þökkum opnum í báða enda, og voru notaðir 4-6 rímlar utan um hvern pakka. Þetta er raunar engin nýjung, því að slik þökkun hefir lengi tilkazt í Bandaríkjum - og árið 1951 mælti professor Elias Mork á Así í Noregi mjög með svona innþökkun við okkur skógræktarstúdenta þar. En það er nýjung, er einum starfsmanni okkar, Guðmundi Jónssyni, hugkvæmdist, að binda utan um plöntupakkana með kassa-gyrði og nota til þess bindingsvél. Við fengum eina slika vél lánaða í

vor hjá kaupféluginu á Egilsstöðum og bundum þannig mikið af plöntupökkunum. Reyndist þetta bæði fljótlegra og miklu ~~taustari~~ binding en með snærum, alveg sérstaklega ef pakkarnir voru opnir. Það er líka kostur, að svona bundnir og með trérimlum utan á, þola þeir miklu harkalegri meðferð í flutningi en ella, en slíks virðist full þörf hér álandi.

Tafla IX. Plöntur afhentar frá Hallormsstað 1958.

<u>Álmur</u> , Beiarn, 1/2	2.241
<u>Alaskabirki</u> , Lazy Mt., 2/2/2	100X
<u>Birki</u> , ísl., Bæjarstaður, 3/0	18.600
" " " & Hallormsst. 3/2	3.435
<u>Grælri</u> , Boxbacka, 2/2	22.035X
<u>Reynivíður</u>	345
<u>Alaskaösp</u>	401X
<u>Rifs</u>	310
<u>Viðja</u>	81
<u>Pingvíðir</u>	430
<u>Siberíulerki</u> , Raivola, 2/2/2	635
<u>Skógarfura</u> , Troms strönd, 3/0	360X
<u>Hvítgreni</u> , Granite Creek, 2/3	1857
" Falk River, 3/3	7.427
" Moose Pass, 2/3/2	1.325
<u>Rauðgreni</u> , Drevja, 2/3	2.400
" 3/2	58.655X
" Rana, 2/2/2/2	40.500
" 10 norsk kvæmi + Baden, 2/3,	850
625 stk. af hverju	6.875
<u>Sitkabastarður</u> , Lawing, 2/3	106.880X
<u>Sitkagreni</u> , Seward, 2/3	24.493X
" MacLeod, 3/3	13.855
" Homer, (2/2/2) 2/2/2	7.752
" Seward, 2/3/2	2.975
" Pigot Bay (?), ævagamalt	3.600V
	427
	28.609X
Alls	202.257

Trjásala varð á árinu miklu meiri en ég hafði reiknað með. Reyndist eftirspurn eftir trjám með hnaus margföld á við það, sem hægt var að sinna. Lét ég því freistast til að selja dálitið af Hakaskojalerki úr Jónsskógi og fáein sitkagrenitré úr teignum í Lýsishól frá 1949, auk allmargra hnausabirkiplantna úr skóginum. Þetta var selt:

- 27 stk. síberíulerki, Hakaskoja, úr Jónsskógi.
- 2 " " Irkutsk, við Atlavík.
- 11 " sitkagreni, Cordova, úr Lýsishól.
- 3 " fjallabinur frá 1946 úr Mörkinni.
- 2 " broddgreni úr Mörkinni.
- 107 " birki.

152 stk. alls.

Andvirði trjánna á upptökustað nam alls kr. 4.510,-.

Tafla X er yfir söluhæfar plöntur vorið 1959. Svipað úrtak var talið nú eins og undanfarin ár, eða 3-5%, og hefir það reynzt nægilegt, svo

sem á er drepið fyrr. Þó skal fram tekið um norsku rauðgreniprufurnar og hvítgrenið, að við léttum þar nægja talninguna frá í fyrra,

Tafla X. Söluplöntur á Hallormsstað vorið 1959.

Tegund og aldur	Kvæmi	Sölu-plöntur	Alls tegund	Undir-máls	Dreif-settar	Sölupl.% dreif settum
Birki 2/2	Bæjarst.	3.900				
" garð. 2/2	"	2.250	6.150	-	11.200	55
" 2/0	Hallormsst.	50.000				
" 3/0	Bæjarst.	30.000	80.000	-	6.400	83
Grækri 2/2	Rognan	-	5.300	-		
Reynir 75 cm		50				
" 50-75 cm		700				
" 50 cm		350	1.100			
Gulvíðir		-	1.000			
Pingvíðir		-	3.000			
Alaskaösp		-	300			
Rifs		-	100			
Rússalerki 2/2	Vélsk	1.500		200	4.200	36
" 2/2	Karpinsk	1.700	3.200	200	5.400	33
Síb. lerki 2/2	Askiz	36.000		6.000	72.000	50
" 2/2 & 3/2	Chebalinsky	11.000	47.000	1.000	19.900	55
Blágreni 4/4	Colorado	1.300		-	1.400	93
" 2/4	Denver	800	2.100	400	3.200	25
Br.&blá. 2/3/3	Colorado	-	7.500	-	10.900	70
Broddgreni 3/3	Sapinero	23.000		7.000	50.300	46
" 2/4	"	10.000	33.000	500	17.900	56
Greni sp. 2/3/2	Afgangar sölup.	-	1.500	-		
Hvítgreni 2/4	Gr. Creek	2.500		-		
" 3/4	Falk River	1.000		-		
" 3/4	Moose Pass	2.500		-		
" 3/4	Glennallen	400		-		
" 3/4	Alaska Hwy.	500		-		
" 3/4	Tok Junkton	1.500	8.400	-		
Rauðgreni 2/4	Drevja	1.700		-		
" 3/3	"	7.000		-		
" 2/4	Mittre Hedm.	3.500		-		
" 2/4	Namdal ytfe	7.000		-		
" 2/4	Høylandet	3.000		-		
" 2/4	Vestfold	2.500		-		
" 2/4	Vang Hedmark	1.100		-		
" 2/4	Sör-Helgeland	5.000		-		
" 2/4	Sparbu	5.000		-		
" 2/4	A 300	2.900		-		
" 2/4	O 200	3.000		-		
" 2/4	Rana	2.000		-		
" 2/4	Baden, Pýzkal.	900	44.600	-		
Bastardur 3/2	Lawing	9.000		3.500	18.300	49
" 3/2/2	"	4.500	13.500	-	6.600	73
Sitkagreni 3/3	MacLeod	73.000		12.000	126.900	57
" 3/3	Homer	4.600		-	7.700	60
" 2/3/3	Seward	2.200	79.800	-		
Fjallaböll 4/4	MacLeod	-	1.100	-	12.300	11
Skógarfura 4/0	Troms strönd	-	10.000			
Stafafura 3/0	Skagway	6.000				
" 3/0	Sapinero	1.400				
" 3/0	Salida	1.500	8.900			
Samtals			357.550	30.800		

Dreiþplöntur afgreiddar frá Hallormsstað árin 1956, 1957 og 1958.

Tegund, aldur og kvaemi	1958					
	1956	Skf. Eyr. Akureyri	Skf. Eyr. Fossv.	Vaglir	Skf. Rvík. Akureyri	Guðm. Magn. Egilssst. - Fossvogi
Brossgr., Sapinero, 3/0	20.000	-	-	-	-	-
" " 4/0	-	-	-	-	-	-
Birkí, Hallormsst., 2/0	-	7.000	-	-	-	-
Sitkagreni, MacLeod, 3/0	-	1.000	-	-	-	-
Stafafura, Skagway, 3/0	XXIX	-	-	-	-	-
Síberíulerki, Askíz, 2/0	-	-	-	-	-	-
Sitkagreni, Cordova, 2/0	-	-	-	-	-	-
" MacLeod, 2/3 & 3/2	-	-	-	-	-	-
" Seward, 2/3	-	-	-	-	-	-
Rauðgreni, Grane Versen, 3/0	-	-	2.000	-	-	-
Sitkabastarður, Lawing, 3/0	-	-	2.000	-	-	-
Blággreni, Colorado, 3/3	-	-	1.900	-	-	-
Grælri, Rognan, 2/0	-	-	400	-	-	-
Reynir, 3/0	-	-	1.000	1.600	-	-
<u>Norðtunng.</u>						-
Birkí, Hallormsst., 2/0	-	-	-	-	3.000	-
Sitkabastarður, Lawing, 2/3	-	-	-	-	10.000	-
Sitkagreni, Cordova, 2/0	-	-	-	-	1.000	20.000
" Seward, 2/3	-	-	-	-	-	6.500
" MacLeod, 2/3	-	-	-	-	-	1.500
" Homer, 2/2/2	-	-	-	-	-	1.300
Hvítgreni, 2/3, Granite Creek	7	-	-	-	-	600
Dahúriulerki, Áldan, 2/0	-	-	-	-	-	-

I left at same part of Jirki, but hasn't been if 56 rev.

1920

drógum frá það, sem afgreitt var á árinu og bættum svo við eftir mati því, sem við töldum myndi koma í gagnið af undirmálsplöntum. Reikna ég ekki með neinu úrkasti úr þessum plöntum. Fjallapöllin er ekki nákvæmlega talin, en ég held þetta magn ætti alltaf að fást af henni. Þar eru vanhöldin gífurleg, og verðum við að komast uppá eitthvað betra lag með dreifsetningu á henni.

Annars hefi ég sett töfluna upp í sama formi og í fyrra: tekið með fjölda dreifsettra plantna, svo að hægt væri að átta sig á vanhöldum.

Ég vil loks taka fram, að rauðgrenið og hvítgrenið, sem orðið er 2/4, eru mjög stórar plöntur, sem brýna nauðsyn ber til að koma í jörðina, áður en þær fara að spretta. Ennfremur, að úr sitkagreninu mun fást mjög mikið af plöntum yfir 25 cm og talsvert yfir 30 cm. Ef þörf gerist, get ég látið uppi tölur yfir það. Og auðvitað mætti fá heilmikið af 30-40 cm háum plöntum úr hvítgreninu, ef þörf gerist.

6. Nokkur orð um vökvun og hreinsun.

Eins og reikningar sýna, varð vökvunar- og hreinsunarkostnaður miklu hærri en áætlað var. Vil ég með fáum orðum ræða það.

Ef veðurskýrslan er athuguð, þarf engan að undra, þótt mikið byrfti að vökva. Allt fram að 20. júlí kom varla deigur dropi úr lofti. Enda má segja, að einn maður væri alveg fastur við það starf í líð manuð. Hef-ir sami piltur annast þetta að mestu nú í 4 sumur, enda er hann orðinn sannkallaður fagmaður í vökvun (svo sem segir í drápu þeirri, sem um hann var kveðin í sumar: "... vatnsberahlutverkið valdi' hann síðar/ votur frá hvirfli og niður í tær"). Ég er í engum vafa um, að sáningarnar eiga m.a. mjög nákvæmri vökvun að bakka, hve jafnar þær eru. Mér virðist, að nauðsynlegt verði, að áætla átíð riflega fjárhæð til vökvunar, því að höfuðatriði er að láta vökvunarkerfið stoppa sem minnst í burrkatíð - og hér er nær alltaf burrkur í maí og júní, þótt í ár hafi kastað tólfunum.

Hreinsunin reyndist langtum kostnaðarsamari en áætlað. Ég tel eftir-farandi ástæður helztar: 1) MJög óheppilegar aðstæður til að nota ill-gresisolíur, burrkar og mikið sólfar fyrri hlti sumars, en súld seinni hlutann. Enda voru ekki notaðar nema 2 tunnur af White Spirit. 2) MJög mikið purfti að hreinsa í nýja reitnum, og stafar það af hinum feikilega skítaustri í reitinn, en skilyrði auðvitað mjög góð fyrir illgresið vegna hinnar miklu vökvunar, þótt veðrátta væri burr. Á dálitlum bletti, þar sem við gerðum tilraun með hreina breiðslu af tilbúnum áburði, sást varla illgresi. - Eina von okkar í þessari báráttu er að reyna að nota olíur eins mikið og kostur er.

7. Lokaorð.

Heildarkostnaður við rekstur græðireitsins varð um 301.500 kr. Áætl-að var 281.500 kr. Kostnaður hefir því farið réttum 20.000 kr. fram úr áætlun, eða rúmum 7%. Er þetta liðlega það, sem nam kauphækkuninni 1. júní s.l. Að vísu var miklu minna dreifsett en plöntur voru til, en ein-hvers staðar varð að draga saman seglin. Því var það tækifæri gripið fegins hendi, þegar óvæntur markaður opnaðist fyrir mikið magn af dreif-setningarplöntum snemma í vor, sakir óvæntra vanhalda í Fossvogi. Þær óvænt tekjur, sem við þetta sköpuðust - um 50.000 kr.- vega ekki aðeins upp á móti því, sem kostnaður fór fram úr áætlun, heldur voru þær og hugs-aðar til að standa straum af því, sem grððursett var í skóginum umfram áætlun, þegar bankapeningarnir brugðust okkur.

I heild held ég við getum verið ánægðir með rekstur græðireitsins, því að þótt kostnaður færi 7% fram úr áætlun, fóru tekjurnar það miklu meira. Með því, sem við eignum enn útistandandi fyrir smáplöntur, hafa heimatekjur græðireitsins orðið kr. 121.000, eða miklu meiri en nokku-sinni fyrr.

V. Gróðursetning.

Gróðursetning hófst hinn 2. júní og lauk hinn 18. ágúst. Fram að 23. júní var þó unnið af mjög litlum karfti, þar sem mannskapurinn var alveg tepptur við önnur störf. Var aðeins 1 maður við gróðursetningu þennan tíma, Loftur Guttormsson (með nokkurra daga úrtökum þó), og vann þá við að planta álmi meðfram aðalveginum í Mörkinni, gráfuru frá Tumastöðum, lauftrjám og greni ofan við Kliftjörn.

Hinn 24. júní var byrjað að gróðursetja 16 mismunandi kvæmi af greni í samanburðartilraunum þá, sem Haukur Ragnarsson hafði sagt fyrir um, ofan við Langasand í Partinum. Vorum við svo heppnir að fá Jón Jósep Jóhannesson til þess að sjá um það verk, og gerði hann það af sinni alkunnu samvirkusemi og vandvirkni. Unnu með honum 4 menn, Loftur og Gunnar Guttormssynir, Bragi Jónsson og Þorsteinn skáld Valdimarsson. Þessir fjórmenningar unnu svo að gróðursetningunni til loka eftir að Jón fór, og var Loftur umsjónarmaður.

Tilraunagróðursetningunni lauk 3. júlí. Hafði hún þá staðið í 10 daga og var nostursverk hið mesta, enda allir reitirnir mjög nákvæmlega afmarkaðair og gróðursett eftir streng með áhnýttum slaufum til að marka bil í rás, en tafsamt er að nota streng, þegar plantað er undir skerm. Alls voru í tilrauninni 4.800 plöntur og kostaði hún um 11.800 kr. - eða kr. 2,46 á plöntu. Er þá meðtalinn ferðakostnaður Jóns Jóseps og vinna hans með mér við að afmarka hina 48 reiti, en það verk tók okkur 4 daga. Þótt þetta kunni að virðast mikill kostnaður, er hann smáráði eitt hjá því að nota happa- og glappaaðferðina með stórum og meira og minna óskipulögðum reitnum hér og þar til þess að finna út, hvaða tegundir og kvæmi muni gefast bezt hjá okkur. Stofnun þessarar samanburðartilraunar er einn merkasti atburðurinn í starfsemi stofnunarinnar á árinu 1958 og hér raunar um langt skeið.

Hinn 4. júlí var haldið áfram, þar sem ~~XXXXXX~~ Loftur hætti hinn 23. júní, að gróðursetja rauðgreni og sitkagreni í brekkuna ofan við Kliftjörn, en þar mun einhver bezti grenijarðvegur hér í skóginum.

Hinn 8. júlí hófst aftur gróðursetning útí Parti. Var þá byrjað að planta til jólatrjáa ofan við Bergsbás. Þarna voru settar rúmar 7.100 plöntur í 2 litla teigi og haft 80-90 cm bil milli plantna. Þessari gróðursetningu lauk 17. júlí. Höfðu verið unnar þar alls 237 klst. Það gefur meðalafköst á 8 tíma degi 240 plöntur.

Hinn 18. júlí hófst svo gróðursetning í ákvæðisvinnu á hinum grisjuðu svæðum í Partinum ofan við tilraunareitin. Henni lauk þar útfrá 11. ágúst og hófst samdægurs inní Stórkógi og nokkrum dögum seinna í Stórhól og lauk að kvöldi hins 18. ágúst. Höfðu fjórmenningarnir þá gróðursett í ákvæðisvinnu alls 33.800 plöntur. Mér virðist þeir muni hafa notað til þess verks sem næst 640 vinnustundir. Það gerir 53 plöntur á klst. til jafnaðar - eða sem næst 425 plöntur á 8 klst. degi. Fyrstu 8 dagana var gróðursett með haka, síðan 6 daga með spetti, en svo aftur með haka, því að okkur þóttu plönturnar orðnar ískyggilega stórar fyrir spett. Loks var spett notað aftur 3 síðstu dagana, er minni plöntur komu í skógin.

Fram til 7. ágúst var hópkvæði, en eftir það einstaklinga, ~~því~~ að þá var orðinn of mikill munur á afköstum í hópnum til þess að réttlátt væri að greiða öllum jafnt. Þorsteinn Valdimarsson tók frá upphafi forystuna og náði hinn 14. ágúst hámarksafköstum með 825 plöntum, en setti niður dagana, sem eftir voru, um 800 plöntur á dag. Gunnar fylgdi honum þó löngum fast eftir.

Fyrir utan samanburðartilraunina voru alls gróðursettar hér í skóginum 44.050 plöntur. Allur kostnaður varð um 35.600 kr. - eða 81 leyrir á plöntu. Enn hagstæðari útkoma myndi fást, ef tekið væri sér það, sem gróðursett var frá 8. júlí. - Gróðursett var í öll svæði, sem grisjuð voru og ofanvið Kliftjörnina að auki. Flatarmálið nemur alls skv. lauslegri

mælingu um 11 hektórum, eins og fyrr var sagt. En þetta er ekki nógum nákvæmt til þess að ég setji flatarmálstölur inn í töflu XI.

Þetta sumar hefir fært okkur heim sanninn um það, að óhikað er hægt að gróðursetja greni hér í skóginum sletulaust allt sumarið, a.m.k. fram yfir miðjan ágúst. Í haust var ekki sjáanlegt, að teljandi vanhöld hefðu orðið á gróðursetningunni. En það kemur vitaskuld betur í ljós næsta sumar.

Vert er að geta þess, að við eyddum nú engum tíma til þess að leggja lím í rafslír, eins og undanfarin 3 ár. Það var yfirleitt lítill smáki á þessum svæðum.

EKKI má skilja við þennan kafla, án þess að skyra frá því, að Þorsteinn Valdimarsson létt smíða eftir sinni fyrirsögn nýja gerð að plöntuspetti. Þetta er hið fegursta áhald, gert úr alúminí, allt miklu léttara en spett þau (fetir norskri fyrirmynnd, sem við höfum notað, og þægilegra að handleika. Þó fór svo, að þetta reyndist nokkuð of veikt, svo að nú er verið að smíða styrkta gerð af spettinu, sem væntanlega verður hægt að sýna á skógarvarðafundinum í vetur.

Tafla XI. Gróðursetning á Hallormsstað 1958.

Tegundir og kvæmi	Ofan við Langa-sand	Ofan við Bregsbás	Við Klif-tjörn	I Inn-skógin-um: Ss. & Sh.	Ofan Atla-víkur	I Mörk-inni	Alls
<u>Alaskabirki</u> , Lazy Mount., 2/2/2	-	-	100	-	-	-	100
<u>Almur</u> , Beiarn, 1/2	-	-	200	-	-	300	500
<u>Gráelri</u> , Finnl., 2/2	200	-	100	-	-	-	300
<u>Gráfura</u> , Salida, 3/0	-	-	-	-	200	-	200
<u>Hvítgr.</u> , Gr. Cr., 2/3	-	-	-	85	-	-	85
<u>Greni</u> , 16 kvæmi, 2/3	4.800	-	-	-	-	-	4.800
<u>Rauðgreni</u> , Drevja, 2/3 & 3/2	22.785	7.105	1.150	10.960	-	-	42.000
<u>Sitkagr.</u> , MacLeod, 3/3	-	-	500	-	-	-	500
" Pigot Bay (?)	-	-	-	370	-	-	370
	27.785	7.105	2.050	11.415	200	300	48.855

VI. B y g g i n g a r.

1. Viðhald og endurhætur.

Ímsar lagfæringar þurfti að gera á verkafólksbústaðnum í Mörkinni. Þetta voru hlutir, sem óhjákvæmilegt var að gera, þótt ekki væri áætluð sérstök fjárveiting til þess. Nokkuð þurfti að mala í húsinu og þarf enn, það þarf að fara yfir eldhúsið eina umferð með latexmálningu árlega. Á þessu ári voru greidd rúmstæði og dýnur, sem við keyptum af húsmæðraskólanum hér fyrir tveimur árum, og smíðað var 1 hárum til viðbótar til þess að geta nýtt plássið í húsinu sem bezt. Allmargar ágætar dýnur komu frá Reykjavík, en á því var orðin hin mesta þörf. Lagður var díkur á borðstofugólf, þótt hætt sé við, að við honum verði að hreyfa eitthvað næsta vor, því að ógerlegt reyndist að fá rakabétt gólfþúkalím, en raki mikill barna í eldhúsinu, þegar kalt er. Smíðaðar voru fleiri hillur fyrir leir í eldhúsið og settar þakrennur á húsið. Kostaði allt þetta um 11.800 kr. Loks var keypt Kosangas-eldavél í húsið og tvö stórv gashylki (þetta fært á reikning ljóss og hita). Átlunin var fyrst að kaupa aðeins tveggja

hólfu eldunartæki fyrir Kosangas, en þegar til kom, reyndist nauðsynlegt að fá eldavél með bakarofni, þar eð vonlaust verk er orðið að baka brauð í gömlu eldavélinni.

2. Skógarvarðarbústaður.

Þá er komið að þeim þætti starfseminnar, sem mest fé gleypti á árinu, en það er skógarvarðarbústaðurinn. Til þess að annast smíði hússins réði ég Gunnar Össurason, trésmið úr Reykjavík, og tók hann með sér annan smiði úr Reykjavík, Svein Ólafsson. Eg tel mikið happ, að takast skyldi að fá þessa menn til smíðinnar. Gunnar er velmenntur og þaulvanur smiður, harðuglegur og vanur smíði á landsbyggðinni, þar sem oft þarf að bjarga sér með frumstæðum tækjum við ýmis verk. Sveinn reyndist líka fyrsta flokks verkmaður á allá Lund.

Þeir félagar komu 2. júní og fóru 13. nóvember. Unnu þeir úrtakalitið allan þennan tíma. Þá var húsið fullgert utan undir málningu, ~~KXXX~~ nema hvað icopal-pappiná bakið kom svo seint, að ekki var talið fært að setja hann á í haust, því að það þarf að gera í hlýju veðri. Tvöfaldar rúður eru komnar í glugga, lagfært hefir verið kringum húsið, lokið að fullu við að gera mjög vandað vatnsból, steypt rotþró og frárennsli að mestu lokið. Vatnslögn lögð og á hana mokað, nema hvað bæta þarf ofan á hana á kafla, þar sem jarðgrunnt var. Af efni, sem er komið á staðinn, má nefna einangrun í timburhæð, miðstöðvarofna og hreinlætistæki og miðstöðvarketill mun vera einhvers staðar á leiðinni, þegar þetta er ritað.

Eg geri ekki neina nákvæma lýsingu á þessu verki, en vil aðeins minnast á nokkur striði:

Við vorum mjög heppnir með grunn hússins. Það var grunnt á klöpp, svo að fljótlegt var að ganga frá kjallaragólf. Steypuefni fíkkst svo að segja við bæjardyrnar: Möl í fjörunni við Fljótið, en sandur í melnum rétt neðan við Akurgerðið, þar sem sandur var tekinn í húsmæðraskólan og aðrar byggingar hér. Mokstrarvél frá vegagerðinni, sem hér var að vinna í vor, mokaði steypuefni á bíla fyrir okkur, svo að það gekk mjög fljótt. Þá fengum við að láni ágæta hrærivél í Grimsárvirkjun og fengum að hafa hana standandi hér, meðan við þurftum.

Það varð hins vegar til tafar við smíðina, að oft stóð á efni, einkum sementi í kjallara hússins. Atti skipaverkfallið s.l. sumar þátt í því, og líka amlöðaháttur í afgreiðslu Kaupfélags Héraðsbúa. Að vísu höfðu smiðirnir alltaf næg verkefni, þeir gerðu t.d. vatnsbólið, þegar sementsskortur olli hálfsmánaðar töfum við húsið. Timbur þurfti að reyta saman úr ýmsum áttum o. s. frv.

Vatnsleiðslan í húsið er rúml. 400 m löng og vatnið tekið undir Kistuklettu skammt frá rafstöð húsmæðraskólangs. Var viðast gott að grafa fyrir henni, en ~~KXXX~~ á flötinni rétt ofan við húsið komum við á eina feiknarlega óbilgjarna klöpp. En þá bjargaði það okkur, er við fengum hinn ágæta Pinazza-grjótborg frá Reykjavík. Án hans hefðum við ekki unnið á þessum tálma. En þetta borverk og sprengingar hleyptu mjög fram kostnaði við vatnsleiðsluna.

Því miður láðist mér frá upphafi að halda sundurgreindri vinnunni við húsið sjálf annars vegar og vatnsbró, vatnslögn, frárennsli og rotþró hins vegar. En um það þýðir ekki að sakast héðan af. Auðvitað væri hægt að fara eitthvað nálægt þessu, ef þurfa þætti.

Hér fer á eftir sundurliðun á kostnaði í stórum dráttum, þ.e. því, sem greitt hefir verið hér. Ekki er þetta þó alveg nákvæmt, að því er sundurliðun á efninu varðar, því að ég var svo klaufskur að taka ekki afrit af öllum efnishóttum, áður en þær voru sendar, en þetta skiptir þó sáralitlu máli.

1. <u>Efni:</u>					
a. Timbur	ca.	kr.	45.000		
b. Sement & hrærivéi	"	"	21.000		
c. Gler í glugga	"		6,600		
b. Annað efni	ca.	"	8.400	81.000	
2. <u>Flutningar</u>					27.300
3. <u>Vinna:</u>					
a. Vinna fagmanna	kr.	97.200			
& uppihald þeirra	"	13.000			
b. Önnur vinna	"	31.200	141.400		
				Alls kr.	249.700
				=====	

Hér dregst frá selt efni og vinna kr. 2.600.

VII. Jarðýftan.

S. l. veturnar létt ég yfirfara drif og gírkassa jarðýtunnar á bifvélaverkstæðinu í Tunguhaga. Kostnaður við það varð um 4.500 kr. Ekkert athugavert kom í ljós í yfirferð þessari.

Vinna hófst ekki með ýtunni fyrr en 21. ágúst, þar eði við gátum tænuðla misst ýtustjórann úr annarri vinnu fyrr. Þá var ýtan í leigu nokkra daga, en var svo flutt hingað og vann hér alls 22 stundir, og var það allt og sumt, sem húna vann hér heima á árinu.

Hinn 4. september hófst vinna með henni við að jafna undir skógar-girðinuna á Eiðum. Eftir það var hún uppihaldslítið í gangi til 9. desember og alltaf á leigu. Raunar var vinnan við Eiðagirðinguna það verk, sem lengstan tíma tók, alls 102 stundir. Í haust var mikil vöntun á jarðýtum hér á Héraði (margar í lamasessi vegna varahlutaskorts). Var því mikið kvabbað í okkur með að láta ýtuna vinna ýmis smáverk, sem menn voru ráðalausir með annars. Við sinntum þessu kvabbi í flestum tilvikum, þótt ekki gæti það talizt reglulega hagstætt og kostaði, að við urðum að slá afrest allri haustvinnu ýtunnar hér heima. Er ég staðráðinn í að leigja ýtuna ekki að neinu ráði framar, því að ef verulegt viðhald verður á henni, fer gamanið ábyggilega að grána - og ekki lifum við endalaust á varahlutum úr Kópaskersýtunni - en ótæmandi verkefni fyrir hana hjá okkur sjálfum næstu árin í vegagerð og girðingum.

Alls voru gangtímar á árinu 492½. Beinn rekstrarkostnaður (að meðtalinni yfirferðinni í veturnileið) varð um 36.000 kr. Verður þá rekstrar-kostnaður á tíma 73 kr. Við verk hjá okkur sjálfum og Eiðagirðinguna reikna ég ýtunni kr. 75,- á klst.

Þótt við fáum ekki greidda vinnuna á Eiðum né flutning á ýtunni þangað, hefir hún gefið okkur tæplega 5.000 kr. í kassann og rúmlega 2.000 kr. að auki, sem enn er útistandandi. Þó vorum við hvergi nærri ánægðir með afköstin. Mjög tíðar voru ýmsar smábilanir, sem stálu tíma ýtustjórans. Og einu sinni bilaði dísildælan. Kom sér þá heldur betur að hafa aðra tilbúna til að setja í staðinn. Meðal þess, sem þarf að kaupa til hennar fyrir næsta sumar, eru nýir rafgeymar, en annað varla stórvægilegt.

VIII. Vegagerð.

Af því, sem þegar hefir verið sagt, er ljóst, að ekki var neitt unnið að vegagerð í skóginum á árinu. Enda var megnið af félögum því, sem til þess var ætlað, notað til vegagerðar og snyrtningar í Mörkinni, og er þó mjög mikið ógert þar, aður en samband milli allra reitanna sé viðunandi.

Eitt verk, sem þó hefir verið flokkað undir vegagerð, er undirbúningur ~~XXXXX~~ að góðri aðstöðu til kurlunar á eldiviði skammt ofan við Mörkina. Hefir svæði þetta verið jafnað og ræst fram. Þetta kostaði um 2.000 kr. Er nú aðeins eftir að malbera það og lagfæra lítils háttar.

I vor tók Vegagerð ríkisins á sig rögg og gerði nýjan og ágætan veg gegnum túnið á Hallormsstað, 550 m á lengd. (Mig grunar, að það hafi kostað 70-80 þús. kr.). Er vegurinn upphlaðinn og hin mesta samgöngubót, ekki sízt að vetrinum. Og mikilli hættu er við þetta bægt frá dyrum á Hallormsstað. - Þá var á s.l. hausti stunginn út væntanlegur vegur inn gegnum skógin og Ásana inn að Gilsá, og er þar víða fundin hin álitlegasta leið.

IX. Ferðir og leiðbeiningar.

A árinu 1958 var ég meira á ferðinni en fyrri ár í starfinu hér.

Snemma í febrúar var mér boðið að koma á ársmót Menningarfélags Austur-Skaftfellinga, sem haldið var að Mánagarði í Nesjum hinn 8. og 9. febrúar, og halda þar erindi um skógrækt og sýna skuggamyndir. Var þetta fjölmennnt mótt og fórin öll hin skemmtilegasta.

Eg átti óvenjulega oft ferð í Eiða á þessu ári. Fór 2 ferðir þangað í vor til þess að leiðbeina við gróðursetningu. Við fórum héðan 5 saman á miðju sumri í Eiðahólma og hjálpuðum Eiðamönnum að grisja skóginn þar og snyrta fyrir Eiðahátiðina, er haldin var á 75 ára afmæli skólans þar. Loks fór ég þangað nokkrar ferðir í haust vegna umsjónar með girðingaverki því, sem áður var á minnzt.

Nokkrum sinnum fór ég í Eyjólfssstaði vegna girðingaframkvæmda skógræktarfélagsins þar.

Um mitt sumar skoðaði ég land undir skógræktargirðingu, sem ungmannafélagið í Hjaltastaðaþinghá hyggst gera við félagsheimili sitt að Hjaltastað.

Hinn 13. ágúst fór ég ásamt skógræktarstjóra suður í Breiðdal að skoða skóglendið í Jórvík undir leiðsögn Hannesar Þórðarsonar kennara. Þann dag afhenti hann gjafabréf þeirra Jórvíkur systkina, þar sem þau gefa Skógrækt ríkisins skóglendi jarðarinna. Var þetta sannkallaður merkisdagur í sögu austfirzkrar skógræktar, að ekki sé meira sagt.

Þá er þess að geta, að síðla í júní sótti ég aðalfund Skógræktarfél. Austurlands, sem að þessu sinni var haldinn norður í Vopnafirði.

Um miðjan september fór ég til Reykjavíkur og naut á heimleiðinni samfylgdar Baldurs Þorsteinssonar. Að þeirri ferð heimsóttum við græðireitina í Varmahlíð, á Akureyri og Vöglum og skoðuðum gróðursetningar á þessum stöðum og viðar, m.a. í Sellandi og að Végeirsstöðum í Fnjóskadal. Loks heimsóttum við Vopnafjörð. Skoðuðum þar rækilega skógargirðinguna á Höfsborgartungu, mældum hana upp og gerðum nákvæma athugun á ástandi hennar. Skal þess getið stuttlega hér:

Girðingin er 4.460 m löng. Á stand hennar er mun betra en mér hafði verið tjáð. Hún er á löngum kafla (1.400 m) úr alveg fyrsta flokks efni og þarf þar ekki annarra endurbóta við en endurnýjunar á hornum. Er þetta sá hluti, sem Vigfús Jakobsson setti upp á sínum tíma. Gamla girðingin frá 1939 stendur líka furðuvel. Þar þarf að vísu að endurnýja talsvert af staurum og flest horn, en ekki þarf að girða upp. Þarna á Höfsborgartungu er girðingarstaði sýnilega með afbrigðum gott, og skógelndið er mjög álitlegt á pórtum.

Þá skoðuðum við Baldur hinn mikla trjágarð Oddnýjar Metúsalemsdóttur í Ytri-Hlíð og skógræktarreitinn við Torfastaðaskóla, sem Oddný hefir látið koma upp og séð um.

Hinn 28. sept. fór ég til Hornafjarðar og hitti þar næsta dag skógræktarstjóra og hélt ásamt honum til Bæjarstaðar. Komum við aftur landleiðina til Hallormsstaðar að kvöldi 2. október.

X. Sitt af hverju.

Hér var tiltölulega fátt um ferðafólk s.l. sumar, líkt og árið áður. Samt fór að vanda allmikill tími í að fara með ferðamönnum um skógin. Nokkrir góðir erlendir gestir komu í skógin á sumrinu, og skulu nefndir:

Hans Berg frá Örstavík, sem kom 7. júní og dvaldi hér 2 nætur. Var heimsókn hans mjög ánægjuleg og gagnleg. Hann smitaði frá sér áhuga og kjarki, og fyrir hans orð fór ég óhikað í spettplöntun á greni seinna á sumrinu, eftir að hann hafði athugað jarðveginn hér.

Eivind Bauger tilraunastjóri frá Bergen kom með sömu flugvél og Hans Berg fór með. Hann dvaldi líka 2 nætur. Hann var skemmtileg andstæða Hans Bergs: Hinn varfærni ví sindamaður, en Hans aftur hinn djarfi praktiker. Það var mjög gagnlegt að fá þá svona hvorn á eftir öðrum, áreiðanlega bezt í þeirri röð, sem þeir komu í! Að öllu samanlöögöu finnst mér ég hafa haft mest gagn faglega af heimsókn Baugers allra þeirra erlendu skógræktarmanna, sem hingað hafa komið í minni starfstið - að hinum fyllilega ólöstuðum. Eg sé ekki ástæðu til að útlista þessa fullyrðingu nánar að sinni.

Christensen frá Heiðafélaginu danska kom hinn 14. júlí, ásamt konu sinni, í fylgd Einars Sæmundsens og konu hans. Var sú heimsókn ákaflega ánægjuleg og gat Christensen frætt okkur um aðskiljanlegar brellur þeirra jólatrjámannna til að gera voru sína sem útgengilegasta. Svo skemmtilega vildi til, að við vorum einmitt að grðursetja í öðrum jólatrjáteignum, meðan þau voru hér, og lagði Christensen blessun sína yfir það verk.

Pess er að geta, að 12. og 13. júlí hélt Skógræktarfél. Austurlands samkomu í Atlavík. Var þar margt manna saman komið, einsog alltaf í ~~það~~ Atlavík við slík tækifæri, en félagið drjúgan skilding upp úr krafssinu, enda veitti því ekki af. - Eg eyddi miklum tíma í undirbúning þessarar samkomu og það á tíma, sem maður þarf í rauninni að vera allur við starf skógræktarinnar. Ekki svo að skilja, að ég telji það eftir! Og sannarlega þóttist maður ekki hafa unnið fyrir gíg, þegar fyrirtækið var gert upp!

Að árinu varð starfsemin hér meiri en nokkuert annað ár til þessa. Því skal ekki móti mælt, að í ýmsum greinum var eytt meira fé en áætlað hafði verið. En þess ber jafnframt að gæta, að tekjur voru meiri en nokru sinni fyrr. Það er náttúrlæg mest varðandi ~~XXX~~ skógarvarðarbústaðinn, sem syndgað hefir verið uppá náðina. I rekstri græðireits og skógarhöggi hefir í rauninni sáralitið verið farið fram úr áætlun. En í mörgum greinum er eins og ófyrirséð útgjöld séu eilíf fylgja.

Það mega heit óteljandi verkefni, sem mér hefir ekki auðnast að ~~XXX~~ gera úrlausn, en brýn mega teljast. Eg nefni nokkur:

Uppmæling á öllum grðursetningum frá og með árinu 1955 er óunnin og tímafrekt verk, ef vel á að vera gert.

Skipting skógarins í reiti hjakkar í samafarinu, en áframhald á því verki fer að verða aðkallandi, enda óhjákvæmilegtum leið og skriður kemst á vegagerð í skóginum. En mér hefir orðið ljóst, að sú reitaskipting, sem ég gerði fyrir nokkrum árum, er byggð á skökkum forsendum. ~~XXX~~ Hana vantar mjög þann sveigjanleik, sem nauðsynleg er í svo fjölbreyttu landslagi sem hér er. Í raun réttri þjónar reitaskipting í ~~XXXXXX~~ sjálfi sér engum tilgangi. Verkefnið er að riða hæfilega þétt vegant um skóglendið - og þá myndast eðlilega einhvers konar reitir í skóginum!

Nákvæm uppmæling og kortgerð yfir Mörkina er óunnin.

Verkefni við grisjun ungskógar eru ótæmandi.

Miklu meiri tíma hefði þurft að verja til að heimsækja skógræktarmenn hér eystra og kanna skóglendi. - En auðvitað má maður vera feginn svo lengi sem verkefnin eru næg. Á meðan er lífið ekki leiðinlegt.

Hallormsstað 3. febrúar 1959

Sig. Blöndal